

Ár 2012, miðvikudaginn 17. október kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Línudans ehf frá 9. október 2012.

Í bréfinu er kynnt þjónusta á vegum fyrirtækisins Línudans ehf sem snýr að þróun og enduruppbyggingu raforkuflutningskerfa.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Fjölís frá 9. október 2012.

Með bréfinu er rætt um framlengingu á samningi milli Hveragerðisbæjar og Fjölíss. Eldri samningur er úrunnin en Hveragerðisbæ er boðin framlengingu á fyrri samningi óbreyttum til árs eða þar til fyrir liggur rammamningur sem gerður verður í samvinnu við Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Framlenging á eldri samningi samþykkt að því tilskyldu að önnur sveitarfélög séu einnig að gera sambærilegan samning.

1.3. Landsambandi hestamanna frá 3. október 2012.

Í bréfinu er óskað eftir framlagi frá Hveragerðisbæ næstu fjögur árin til að skrá reiðleiðir og setja þær inn á kortasjá.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Yfirlit yfir tekjujöfnunarframlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Lagt fram yfirlit yfir tekjujöfnunarframlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árið 2012. Hveragerðisbær fær kr. 97.668.737.- í tekjujöfnunarframlag þetta árið.

Lagt fram til kynningar.

2.2. **Minnisblað frá Skipulags- og byggingafulltrúa frá 5. október 2012.**

Lagt fram minnisblað frá Skipulags- og byggingafulltrúa þar sem rætt er um aðkallandi framkvæmdir í fráveitu Hveragerðis.

Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013.

2.3. **Viðauki við fjárhagsáætlun 2012.**

Lögð fram eftirfarandi tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2012.

Gerð er tillaga um aukningu á framlagi Jöfnunarsjóðs kr. 27.455.000,-. Er hér um raunhækkun að ræða þar sem framlag ársins liggur fyrir.

Gerð er tillaga um aukningu til félagsþjónustu kr. 7.087.000,-. Aukningunni verður mætt með hækkun á framlagi frá Jöfnunarsjóði 00-08.

Gerð er tillaga um aukningu til fræðslu- og uppeldismála kr. 10.500.000,-. Aukningunni verður mætt með hækkun á framlagi frá Jöfnunarsjóði 00-08.

Gerð er tillaga um aukningu til æskulýðs og íþróttamála kr. 7.400.000,-. Aukningunni verður mætt með hækkun á framlagi frá Jöfnunarsjóði 00-08.

Gerð er tillaga um aukningu til Skipulags- og byggingamála kr. 1.500.000,-. Aukningunni verður mætt með hækkun á framlagi frá Jöfnunarsjóði 00-08.

Gerð er tillaga um aukningu til umhverfismála kr. 1.000.000,-. Aukningunni verður mætt með hækkun á framlagi frá Jöfnunarsjóði 00-08.

Gerð er tillaga um lækkun gjalda eignasjóðs. 1.382.000,-. Lækkunin kemur til móts við hækkun annarra liða í fjárhagsáætlun.

Gerð er tillaga um hækkun gjalda áhaldahúss og vélamiðstöðvar kr. 1.400.000,-. Aukningunni verður mætt með hækkun á framlagi frá Jöfnunarsjóði 00-08.

Breyting á rekstri er jöfn aukning á tekjum og gjöldum. Viðaukinn hefur ekki áhrif á sjóðsstreymi.

Bæjarráð samþykkir ofangreinda tillögu að viðaukum við fjárhagsáætlun ársins 2012.

2.4. **Rekstraryfirlit 31. ágúst 2012.**

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit fyrir stofnanir bæjarins fyrstu átta mánuði ársins.

3. Fundargerðir til kynningar:

- 3.1. **Skólaskrifstofu Suðurlands frá 2. október 2012.**
- 3.2. **Fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu frá 26. september 2012.**
- 3.3. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 26. september 2012.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:25

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)